

## Opinber heimsókn til Mexíkó

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) var dagana 10.-14. mars síðastliðinn fulltrúi ríkisstjórnarinnar í opinberri heimsókn [forseta Íslands](#) til Mexíkó.

Heimsóknin var opnuð með hátíðarmóttöku í forsetahöllinni þar sem forseti Íslands og forseti Mexíkó fluttu ávörp.

Í heimsókninni undirritaði menntamálaráðherra ásamt ráðherra frá Mexíkó m.a. tvísköttunarsamning, samkomulag um vegabréfsáritanir, sem mun auðvelda ferðir fólks á milli landanna, og minnisblað um samvinnu í orkumálum fyrir hönd utanríkisráðuneytis.

Einnig átti ráðherra fundi með menntamálaráðherra, menningarmálaráðherra og vísindastjóra Mexíkó þar sem ræddir voru möguleikar á tvíhliða samstarfi ríkjanna.

Á fundi ráðherra með menningarmálaráðherra Mexíkó kom fram að mikill áhugi er á menningarsamskiptum á milli Íslands og Mexíkó. Á fundinum ræddu ráðherrarnir meðal annars um:

- » möguleika þess að fá verk Fridu Kahlo á sýningu hingað til lands
- » þátttöku í norrænni sýningu um víkinga í Mexíkó árið 2011
- » þátttöku íslenskra listamanna á tónlistarhátíðum í Mexíkó
- » bókmenntaþýðingar

Þá var menntamálaráðherra einnig viðstaddur undirritun samnings milli [Háskólans í Reykjavík](#) og [CONAHEC](#) í Monterrey háskólanum þar sem íslensku orkuskólarnir [REYST](#) og [RES](#) kynntu jafnframt starfsemi sína.

Ráðherra afhenti í heimsókninni forseta Mexíkó viljayfirlýsingu um skólasyrki en með henni gefst háskólastudentum frá Mexíkó færi á að stunda nám á Íslandi. Um er að ræða 6 mánaða skólavist með styrkveitingu annars vegar og námsstyrk í miðaldafræðum hins vegar.

Í heimsókninni heimsótti ráðherra tvö gagnmerk söfn; Mannfræðisafnið og heimili myndlistarkonunnar Fridu Kahlo.

### Ferðasjóður íþróttafélaga úthlutun fyrir árið 2007

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) og Ólafur Rafnsson forseti [Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands](#) undirrituðu þann 18. mars síðastliðinn samning þar sem ÍSí er falin umsjón og umsýsla með ferðasjóði íþróttafélaga.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Ólafur Rafnsson forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands undirrita samning um ferðasjóð íþróttafélaga  
Mynd: ÍSí

Á fundi ríkisstjórnar Íslands í mars 2007 var samþykkt að koma á fót ferðasjóði íþróttafélaga innan vébanda ÍSí til að jafna aðstöðumun og efla íþrótt- og forvarnarstarf í samræmi við tillögur nefndar sem menntamálaráðherra fól að fjalla um ferðakostnað íþróttafélaga. Með stofnun ferðasjóðsins eru mörkuð tímamót í ferðakostnaðarmálum íþróttahreyfingarinnar.

Með samningnum er komið á fót sjóði sem kemur til móts við íþróttafélög vegna kostnaðar þeirra af ferðalögum innanlands, sérstaklega þeirra sem eiga um langan veg að fara til þess að taka þátt í viðurkenndum mótum. Markmið sjóðsins er einnig að stuðla að öruggum ferðamáta íþróttafólks.

Framlag ríkisins í sjóðinn er alls 180 m.kr. á árunum 2007-2009 og skiptist á eftirfarandi hátt: 30 m.kr. fyrir árið 2007, 60 m.kr. fyrir árið 2008 og 90 m.kr. fyrir árið 2009.

Opnað var fyrir umsóknir í sjóðinn 10. desember 2007 og rann umsóknarfrestur út þann 10. janúar 2008. Alls bárust umsóknir frá 125 íþróttafélögum, frá öllum héraðssamböndum ÍSí. Sótt var um styrk fyrir 21 íþróttgrein. Heildarupphæð umsókna var um 260 m.kr. en heildarupphæð styrkhæfra umsókna var ríflega 223 m.kr.

Við mat á umsóknum var að þessu sinni tekið mið af eftirfarandi:

- » Öll íþrótt- og ungmennafélög innan vébanda ÍSí gátu sótt um stuðning.
- » Einungis Íslandsmót og mót sem voru undanfaran Íslandsmóta voru styrkhæf í þessari úthlutun.
- » Einungis ferðir sem voru 150 km eða meira, aðra leið, voru styrkhæfar.

### Starfsfólk menntamálaráðuneytis tók virkan þátt í Lífshlaupinu

Starfsfólk [menntamálaráðuneytis](#) tók þátt í [Lífshlaupinu](#), landskeppni í hreyfingu sem [Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands](#) stóð fyrir dagana 4.-14. mars. Tók ráðuneytið þátt í vinnustaðakeppni í flokki vinnustaða með 70-120 starfsmenn. Yfir 60 starfsmenn ráðuneytisins tóku þátt í verkefninu sem fólst í því að hver starfsmaður skráði alla sína hreyfingu þessa daga. Skráð var tegund hreyfingar, fjöldi daga og mínútur sem fóru í hreyfingu á hverjum degi. Mikil stemmning myndaðist meðal starfsfólks en bæði var innbyrðis keppni þeirra 6 hópa sem voru skráðir á vegum ráðuneytisins hörð og ekki síður samstaða um að standa sig vel sem ein heild í vinnustaðakeppninni á landsvísu. Svo fóru leikar að ráðuneytið náði öðru sæti í fjölda daga eða 6,28 daga per starfsmann og þriðja sæti í fjölda mínútna eða 381,91 mínútu per

starfsmann. Starfsfólk ráðuneytisins fékk tvo áritaða platta til minningar um árangurinn.



Starfsfólk menntamálaráðuneytis býst til gönguferðar

### Úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla:

#### Hautmisseri 2007

Ákvæði um úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla komu fyrst til framkvæmda haustið 2001 og stóð fyrsta umferð úttekta til vors 2003. Önnur umferð úttekta hófst í febrúar 2007 og voru þá gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum 25 grunnskóla. Á haustönn 2007 voru gerðar úttektir á 23 skólum til viðbótar. Í nýlegri skýrslu, [Úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla: Hautmisseri 2007](#), er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þeirra úttekta sem fram fóru haustið 2007. Skýrslan var send viðkomandi skólum og sveitarstjórnnum en hana má einnig finna á [vef menntamálaráðuneytis](#).

Helstu niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum í 23 grunnskólum haustið 2007 eru að í 14 skólum hefur farið fram kerfisbundið sjálfsmat eða í 61% skólanna. Þar af hefur kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum skólustarfsins farið fram í 7 skólum.

